

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 10. janúar 2008 í máli

nr. S-398/2007:

Ákærvaldið

(Guðjón Jóel Björnsson fulltrúi)

gegn

X.

(Arnar Sigfússon hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 21. desember sl., höfðaði sýslumaðurinn á Akureyri hér fyrir dómi þann 19. nóvember 2007 gegn X;

„fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 10. desember 2006, á heimili ákærða, Skessugili [...], Akureyri, ráðist á [A], með því að hrinda henni í gólfið og slá hana hnefahöggum í höfuðið og grípa í hár hennar og reka hné sitt ítrekað í andlit hennar við nef, með þeim afleiðingum að hún bólgnaði á enni og hlaut ca 1,5 cm skurð lóðréttan á milli augnanna og einnig skurð hægra megin á höfði, ca 1,5 cm langan, auk kúlu vinstra megin á höfðinu, stífleika í herðum og hálsi, auk þess sem síðar komu fram einkenni áfalls í formi streituröskunar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Þ. Skorri Steingrímsson hdl. fyrir hönd [A], bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 1.730.394,- samkvæmt sakareglum skaðabótaréttar og skaðabótalögum nr. 50/1993, miskabóta skv. 26. gr., þjáningabóta skv. 3. gr., tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr., bætur fyrir annað fjártjón samkvæmt framlögðum kvittunum, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. október 2007 og fram til þess tíma er mánuður er liðinn frá því krafan var kynnt sakborningi en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærði hefur komið hér fyrir dóm og játað sök. Með skýlausri játningu hans sem ekki er ástæða til að efa að sé sannleikanum samkvæm, er nægilega sannað að hann

hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í ákæru og varðar við þar tilgreint ákvæði almennra hegningarlaga. Verður lagður dómur á málið án frekari sönnunarfærslu samkvæmt 125. gr. laga nr. 19, 1991.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum. Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að árás hans gegn A var gróf og alvarleg og framin án nokkurs tilefnis. Ákveðst refsing ákærða fangelsi í fjóra mánuði. Með tilliti til sakaferils ákærða þykir rétt að skilorðsbinda refsingu hans eins og greinir í dómsorði.

Ákærði mótmælir að langmestu leyti bótakröfu sem höfð er uppi í málinu. Krafið er 1.000.000 króna í miskabætur, 500.000 króna fyrir tímabundið atvinnutjón, 94.500 króna í þjáningabætur, 45.009 króna fyrir annað fjártjón og 90.885 króna fyrir aðstoð lögmanns vegna gerðar bótakröfu.

Tjónþoli á rétt til miskabóta úr hendi ákærða og þykja þær hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Krafa um þjáningabætur og tímabundið atvinnutjón er engum gögnum studd og verður þeim kröfuliðum vísað frá dómi. Krafa um annað fjártjón er studd gögnum vegna sjúkrakostnaðar að fjárhæð 34.934 krónur og verður tekin til greina með þeirri fjárhæð. Bætur vegna kostnaðar af aðstoð lögmanns við gerð bótakröfu þykja hæfilega ákveðnar 60.000 krónur. Samtals verður ákærði því dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð 294.934 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða sakarkostnað, sem á rannsóknarstigi nemur 17.500 krónum og þóknun skipaðs verjanda síns, Arnars Sigfússonar hdl., sem ákveðst í heild á rannsóknar- og dómstigi 80.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms að telja, haldi hann hið almenna skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, að gerast ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum.

Ákærði greiði A, 294.934 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38, 2001 frá 6. október 2007 til 15. nóvember 2007, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 97.500 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda síns Arnars Sigfússonar hdl., 80.000 krónur.